

Leitað eftir myndum

Myndefnið er flokkað eftir efnispáttum, landshlutum, sveitarfélögum og staðarnöfnum. Nafn á bújörðum er oftast aðal kennileitið.

Þar sem sveitarfélög eru sameinuð, hefur fyrst og fremst verið skráð á "gömlu sveitarfélögin" - en nýju nöfnin bætast við eftir föngum

Ef þú leitar eftir ákveðnu fjalli, á, fossi, gili, hólma eða eitthvað annað, er best að leita uppi sveitarfélagið sem við á og nálgast staðinn þannig.

Árangursríkasta leitin fæst með því að slá inn leitarhugtakið með stjörnu á eftir t.d. Reykhólahreppur*

Þegar þú heldur áfram að leita eftir öðru, mundu þá að velja Ný leit, annars bætist nýja hugtakið við það sem fyrir er - og ef þú leitar að Vigur og Akureyri - í einni og sömu leit, þá finnst hvorugt!

Viðbót á skráningu mun eiga sér stað eftir því sem tími vinnst til. Aðaláherslan verður fyrst í stað lögð á að setja inn sem flestar myndir með vandaðri grunnskráningu.

Leiðréttingar á skráningum Í ljós hefur komið umtalsvert misræmi í stafsetningu staðarnafna í ýmsum heimildum svo sem á landakortum, í jarðaskrá, í ábúendatölum og á vegum ábúenda sjálfra. Sumir staðir heita tveimur nöfnum háð því hvort litið er á staðinn úr vestur eða austurátt. Það er því mikill vandi að skrá rétt og hver á í reynd að kveða upp úr um hvaða heiti eigi að nota? Allar góðar ábendingar eru vel þegnar.

Finnur þú ekki það sem þú leitar að – bið ég þig vinsamlegast um að senda mér tölvupóst og ég mun sérskanna myndina og senda þér sýnishorn. Vinsamlegast sendu mér línu á mats@mats.is

Hversu mikið er til?

Ég á flest öll býli og mjög margar eyðjarðir fyrir utan frístundabyggðir. Svo á ég líka býsn af þéttbýlismyndum, landslags- og skreytingarmyndum. Ég er nú kominn langleiðina frá Reykjavík vestur og norður að Brú í Hrutafirði. Skagafjörðurinn er allur settur inn á vefinn, einnig Eyjafjörður að mestu fyrir norðan Akureyri. Þá má finna mikið úr Múlasýslum. Austur og Vestur Skaftafellssýslurnar eru alveg búnar. Svo hef ég skannað inn og skráð jafnt og þétt frá öllum öðrum sveitum eftir því sem fyrirspurnir hafa borist. Markmiðið er að klára hringinn allveg í kringum landið á árinu 2009. Síðan ætla ég að bæta við úrval af eldri myndum svo og síðan nýjar eftir því sem fjárráð leyfir.

Verði þér að góðu.

Með bestu kveðju

Mats